

Punktur frá 2. fundi nefndar um framhaldsskólamál í Grindavík

Fundinn sátu af hálfu ráðuneytisins: Karl Kristjánsson, formaður, Leifur Eysteinnsson, sérfræðingur og Jón Eggert Bragason, verkefnisstjóri.

Fyrir Grindavíkurbæ sátu fundinn: Jóna Kristín Þorvaldsdóttir, bæjarstjóri, Garðar Páll Vignisson, forseti bæjarstjórnar og Eyjólfur Bragason, verkefnisstjóri.

Þetta gerðist:

Bæjarstjóri bauð fundarmenn velkomna og upplýsti gesti um að mikil aðsókn ýmissa fyrirtækja væri eftir aðstöðu í Grindavík. Nefndi hún iðnaðarfyrirtæki með um 20-30 starfsmenn hefði ákveðið að færa rekstur sinn frá Hafnarfirði auk þess hefði Orf líftækni h/f ákveðið að tvöfalda fyrirtæki sitt og fleiri minni fyrirtæki hefðu óskað eftir aðstöðu. Þetta væri afar ánægjulegt því þótt atvinnuleysi væri minnst í Grindavík á Suðurnesjum, þá yrði að sporna við því af fremsta megni.

Formaður nefndarinnar tjáði fundarmönnum að hann hefði rædd við ráðherra deginum áður og tjáð henni eindreginn vilja Grindvíkinga á að hefja skólastarf strax næsta haust. Hann sagði ráðherra hafa kveðið upp um það að það kæmi ekki til greina. Að því loknu sagði hann Leif hafa rýnt í samantekt Eyjólfssonar um stofnun framhaldsskóla og gaf honum orðið. Leifur dreifði blaði með yfirskriftinni, Minnispunktur vegna samantektar Eyjólfssonar varðandi stofnun framhaldsskóla í Grindavík.

Nokkrar umræður spunnust um minnispunktana og svöruðu fulltrúar Grindvíkinga flestum þeim spurningum sem þar koma fram og færðu rök fyrir máli sínu. Í sumum tilfellum var um misskilnig að ræða um aðstæður í Grindavík.

Eyjólfur áréttaði að skólinn væri sniðinn að framhaldsskólalögum sem Alþingi samþykkti s.l. vor. Skólinn byði upp á þriggja ára nám til stúdentsprófs, framhaldsskólaprófs og starfsnámsbrautir (onnur lokapróf).

Jón Eggert sagði sömu hugmyndir liggja að baki hugmyndum um framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð.

Náið samstarf verður haft við fyrirtæki og stofnanir bæjarins, en ítrekaður vilji forsvarsmanna þeirra til samstarfs hefur komið fram bæjarfélaginu, skólanum og þeim til framdráttar. Mun aðkoma þeirra m.a. felast í beinum fjárframlögum þeirra til skólans og menntun nema í starfsnámi.

Félagslíf ungs fólks á aldrinum 16-25 ára hefur verið takmarkað. Nemendur frá bænum hafa ekki fundið sig nægjanlega í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Samfara stofnun framhaldsskóla er þegar hafinn undirbúningur á metnaðarfullu félagsstarfi fyrir þennan hóp.

Leifur benti á að eftir fjármálahrunið væri framlög til núverandi framhaldsskóla í landinu í mikilli óvissu og því útilokað að stofna til nýs framhaldsskóla í Grindavík.

Grindvíkingar lögðu áherslu á, að þeir litu þannig á að stofnun framhaldsskóla í Grindavík myndi leiða af sér mikinn sparnað fyrir ríkisvaldið og nefndu eftirfarandi:

- Grindavíkurbær hefur ákveðið að ráðast í byggingu mennta- og menningarhúss í miðbæ Grindavíkur. Lögðu þeir fram teikningar með hugmyndum að hönnun hússins. Áætlaður kostnaður við húsið er 7- 900 milljónir króna. Af þeirri upphæð fær ríkið töluverðar skatttekjur. Gera má ráð fyrir að 50-60 manns hafi atvinnu vegna framkvæmdanna (allt að þrjú ár). Þessir starfsmenn greiða skatt af tekjum sínum til ríkisins og í það sveitarfélag sem þeir búa. Atvinnuleysi er mikið í landinu og ekki síst í byggingariðnaðinum og því má reikna með að umtalsverður sparnaður verði hjá ríkinu vegna atvinnuleysisbóta sem væntanlegir starfsmenn myndu annars njóta.
- Fyrir liggur að Fjölbrautaskóli Suðurnesja er fullsetinn. Hugmyndir eru um stækkun skólans ella þarf skólinn að leigja húsnæði til að geta annað eftirspurn. Með byggingu mennta- og menningarhúss í Grindavíkur má álykta að fresta megi þessum áformum og með því sparast fé hjá ríkinu.
- Akstur nemenda jafnvel stundum tvisvar á dag sparar rekstrarkostnað bifreiða, vegaslit og minnkar mengun.
- Bærinn hyggst bera ábyrgð á rekstri skólans. Óskað er eftir nemendaígdum 50 ársnema næsta skólaár auk greiðslna fyrir nám grunnskólanemenda sem stunda nám á framhaldsskólastigi. Þetta fé færi annars til Fjölbrautaskóla Suðurnesja og er því ekki um ný fjárframlög af hálfu ríkisins að ræða.
- Bráðabirgðahúsnæði fyrir skólann er til staðar. Bærinn mun leggja það til.

Bæjarstjóri lagði áherslu á samhug og samstöðu íbúanna um þetta mál. Í því sambandi benti hún á að helstu framámenn atvinnulífsins væru aðalhvatamenn þess að mennta- og menningarhús yrði byggt samfara uppbyggingu á félagsheimilinu Festi. Þá kom hún inn á að bæjaryfirvöld legðu áherslu á að Grindavík væri fjölskylduvænt byggðarlag. Aðabúnaður barna og unglinga væri þar í forgrunni t.d. væri ókeypis að stunda íþróttæfingar, ókeypis tónlistánám og frítt í sund.

Garðar bætti við að í fyrirhuguðum framhaldsskóla stefndi bærinn að því að allir nemendur skólans myndu leigja fartölvu og námsbækur á vægu verði.

Eftir að fundi lauk var fundarmönnum boðið að skoða það húsnæði sem bærinn vill nota fyrir skóla- og félagsstarf fyrirhugaðs skóla. Gerðu fundarmenn góðan róm að húsnæðinu.

Gögn sem lögð voru fram á fundinum:

Myndir og teikningar af mennta- og menningarhúsi

- Mannfjöldaspá í Grindavík
- Fjöldi nemenda er stunda nám í FS
- Minnispointar vegna samantektar EB varðandi stofnun frmhaldsskóla í Grindavík

